

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Leifsstaðir 2.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 31. ágúst 2023 deiliskipulag fyrir ferðaþjónustu í landi Leifsstaða 2, skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæði deiliskipulagsins afmarkast af landamerkjum Leifsstaða 2 að sunnan, vestan og norðan og hæðarlínu 123 m.y.s. í austri. Í deiliskipulaginu er ásamt húsakosti sem fyrir er á landareigninni gert ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum, 1.500 fm viðbyggingum við hótél, þremur frístundahúsum, tíu gistihúsum, starfsmannahúsi og aðstöðuhúsi. Auk þess er gert ráð fyrir götum milli húsa og landmótun á svæðinu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 10. janúar 2024.

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. janúar 2024